

6. fundur fræðslunefndar ársins 2010 vegna Undralands, haldinn 22. nóvember 2010 í leikskólanum, kl. 16:00. 3. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Hanna Björk Grétarsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Gunnar Þór Jóhannesson og Eydís Helgadóttir leikskólastjóri. Fannar Geir Ólafsson, fulltrúi foreldra, mætti ekki til fundarins.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla leikskólastjóra.**
- 2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011.**
- 3. Sameiginlegt skólaráð fyrir grunnskóla og leikskóla.**
- 4. Önnur mál.**

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla leikskólastjóra.

- Skipulagsdagur var haldinn 10. nóvember. Unnið var að ýmsum verkefnum sem lúta að stjórn og skipulagi leikskólans.
- Foreldrasamtölum er lokið og ekki annað að heyra en foreldrar séu sáttir við það starf sem unnið er hér.
- Á degi íslenskrar tungu lögðum við áherslu á lestur og söng. Einnig fengum við 10. bekk Flúðaskóla í heimsókn sem flutti okkur ljóð eftir Hallgrím Pétursson og sungu Maístjörnuna.
- Þann 24. nóvember kemur meistaranemi til að kynna sér hvernig við vinnum og útfærum Art. verkefnið. Það er alltaf jákvætt og skemmtilegt þegar leitað er til Undralands með það starf sem er unnið hér með nám og leik.
- Framundan er desember með öllum sínum skemmtilegu og spennandi viðburðum. Leiksýningu, jólasveinum, dagatali, heimsókn í Heimaland og fleira og fleira. Þessa dagana er verið að vinna að jólagjöf til foreldranna, eins og gefur að skilja þá fylgir því mikil spenna og ábyrgð við að gera sem best fyrir pabba og mömmu ásamt því að ljóstra ekki upp um leyndarmálið.
- Annars ætlum við í Undralandi að njóta aðventunnar við kertaljós, tilhlökkun, og rólegheit.

2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011.

Farið var yfir einstaka liði fjárhagsáætlunarinnar. Í áætluninni er gert ráð fyrir 2,75% hækkun á leikskólagjöldum og seldum veitingum. Fræðslunefnd samþykkir áætlunina og vísar henni til sveitarstjórnar.

3. Sameiginlegt skólaráð fyrir grunnskóla og leikskóla.

Leikskólastjóri rakti reynsluna af sameiginlegu skólaráði Flúðaskóla og Undralands. Fræðslunefnd samþykkir að sérstakt skólaráð verði fyrir grunnskólann annars vegar og hins vegar fyrir leikskólann. Jafnframt samþykkir fræðslunefnd að stjórnendateymi leikskólans verði falið að hefja undirbúning og stofnun skólaráðs fyrir Undraland.

4. Önnur mál.

- a) **Trúnaðarmál.** Fært í trúnaðarbók.

Fleira var ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt. Fundi slitið kl. 17.20.